


TÍMARIT

Öryrkjabandalags Íslands



Efnisyfirlit

Ávarp Ellenar Calmon, formanns ÖBÍ **3**

Hvað segja Sameinuðu þjóðirnar um Sjálfstætt líf?

Sigurjón U. Sveinsson, lögmaður og starfsmaður málefnaþóps ÖBÍ um sjálfstætt líf, fjallar um stefnu SP gagnvart sjálfstæðu lífi.

4

Tillitssemi og nærgætni að leiðarljósi

Ingveldur Jónsdóttir fulltrúi í málefnaþópi ÖBÍ um aðgengismál fjallar um P merkingu og stæði fyrir fatlaða.

6

Aðildarfélög ÖBÍ

7

Kerfið getur orðið mannúðlegt og sanngjarnt

Guðjón Helgason talar við Rebecca O'Brien um kvikmyndina I, Daniel Blake sem fjallar um áhrif starfsgetumats í Bretlandi á líf öryrkja.

8

Skóli fyrir alla - hindranir eða tækifæri

Umfjöllun um málþing sem málefnaþópur ÖBÍ um atvinnu- og menntamál stóð fyrir 5. apríl 2017.

10

Vilja opna jafnréttisumræðu

Gísli Björnsson og Ragnar Smáráson segja frá verkefni sínu „Jafnrétti fyrir alla“

14

Breytt skipulag ÖBÍ

Guðjón Helgason segir frá breyttu skipulagi ÖBÍ.

16

Hjálpartæki nauðsyn eða?

Emil Thóroddssen formaður málefnaþóps ÖBÍ um heilbrigðismál fjallar um hjálpartæki daglegs lífs

18

Hornreka á húsnæðismarkaði

Málefnaþópur ÖBÍ um kjaramál fjallar um húsnæðismál öryrkja.

20



Tímarit ÖBÍ október 2017

Útgefandi: Öryrkjabandalag Íslands, Sigtúni 42, 105 Reykjavík, s: 530 6700, www.obi.is

Ábyrgðarmaður: Ellen Calmon

Ritstjóri: Guðjón Helgason

Ljósmyndir: Ýmsir

Umbrot og hönnun: Nýprent ehf.

Forsíðumynd: Margrét Ögn Rafnsdóttir og þuríður Harpa Sigurðardóttir

Prófarkalestur: Þórný Björk Jakobsdóttir

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja

Upplag: 119.000 eintök

SAMFÉLAG MARGBREYTILEIKANS – JÖFN TÆKIFÆRI TIL ÞÁTTTÖKU



Kæri lesandi.

Baráttan fyrir betra og aðgengilegra samfélagi fyrir alla er í raun sú setning sem einna helst lýsir því sem Öryrkjabandalag Íslands og aðildarfélög þess standa fyrir. Þar sem áhersla er lögð á mannréttindi og jafnan rétt til þátttöku í samfélaginu. Íslensk stjórnvöld undirrituðu samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF) 30. mars 2007 ásamt valfrjálsri bókun.

Barátta ÖBÍ fyrir fullgildingu og nú lögfestingu samningsins hefur verið í öndvegi síðastliðin ár. SRFF fjallar meðal annars um rétt til menntunar, atvinnu, fjölskyldulífs og þátttöku í stjórnámálum, menningu og frístundum. Þá kveður hann einnig á um skyldur ríkisins til mannsæmandi framfærslu og aðgengi að heilbrigðisþjónustu.

SRFF var fullgiltur á Alþingi þann 20. september 2016 en ekki valfrjálsa bókunin. Þó var samþykkt þingsályktun um að valfrjálsa bókunin yrði fullgilt fyrir árslok 2017 en hún felur í sér mikilvægar réttarbætur fyrir fatlað fólk og því er áriðandi að þingmenn gangi rösklega til verks á komandi vetri svo fullgilding megi eiga sér stað í árslok.

Í aðdraganda síðustu Alþingiskosninga fékk ÖBÍ Gallup til að vinna spurningakönnun sem lögð var fyrir kjósendur. Þar kom fram að 59,7% eru ósammála því að einstaklingstekjur upp á 296 þúsund krónur eftir skatt nægi til framfærslu í hverjum mánuði. Taka skal fram að í nánari greiningu kemur fram að yngsti og elsti aldurshópurinn telja þessa upphæð duga. Með upphæðinni er miðað við framfærsluviðmið Umboðsmanns skuldara að viðbættum hús-

næðiskostnaði. 78,7% eru hlynnt því að umbuna eigi fyrirtækjum og stofnunum sem ráða til starfa fólk með skerta starfsgetu. 86,6% eru hlynnt því að tryggja skuli með lögum að sveitarfélögum sé skylt að veita fötluðu fólki, óháð aldri, akstursþjónustu svo að það geti farið allra sinna ferða. 81,1% eru hlynnt því að tryggja skuli með lögum rétt fatlaðs fólks til notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA). 77,1% eru hlynnt því að sú heilbrigðisþjónusta sem ríkið niðurgreiði í dag, s.s. þjónusta heilsugæslu, sjúkrahúsa, sérfræðilækna og læknisfræðilegra rannsókna, verði gjaldfrjáls.

Ljóst er að svörin gefa skýrar vísbendingar um álit þjóðarinnar á helstu baráttumálum ÖBÍ og mig langar til að biðja þig, lesandi góður, um að hafa þessi atriði í huga þegar þú gengur í kjörklefann.

Ég hef nú gegnt embætti formanns Öryrkjabandalags Íslands í fjögur ár og lýkur minni formennsku á aðalfundi bandalagsins 20.-21. október 2017. Þessi tími hefur verið ánægjulegur og krefjandi í senn. Þakklæti er mér þó efst í huga á þessum tímamótum. Þakklæti til aðildarfélaganna fyrir traustið til að sinna þessu starfi og þakklæti til allra þeirra sem hafa starfað með mér á þessum vettvangi og hafa látið verkefnin verða að veruleika. Það er aldrei hægt að sinna svona stóru hlutverki ein og það gerði ég svo sannarlega ekki. Þá fær Halldór Sævar Guðbergsson varaformaður ÖBÍ sérstakar þakkir fyrir frábært samstarf, stuðning og ráðgjöf!

Með vinsemd og virðingu

Ellen Calmon, formaður Öryrkjabandalags Íslands

Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) er regnhlífassamtök 41 aðildarfélags, það eru félög fatlaðs fólks, sjúklinga og aðstandenda þeirra. Félagsmenn aðildarfélaganna eru um 30.000. ÖBÍ þiggur hvorki styrki frá ríki né sveitarfélögum heldur fjármagnar starfsemi sína með tekjum frá Íslenskri getsþá. ÖBÍ styrkir aðildarfélög sín og tengda starfsemi. Þar má nefna fé fyrir örorkulífeyrisþega til náms, til náms- og starfsendurhæfingarstöðvar, verndaðra vinnustaða og til kaupa á íbúðum fyrir örorkulífeyrisþega. Þá hefur ÖBÍ einnig styrkt verkefni hjá Landssamtökunum Proskahjálpi, List án landamæra, sjónvarpsþættina Með okkar augum og Íþróttasamband fatlaðra svo eitthvað sé nefnt.



HÖFUNDUR: SIGURJÓN UNNAR SVEINSSON

lögmaður og starfsmaður málefnaþóps ÖBÍ um sjálfstætt líf

Hvað segja Sameinuðu þjóðirnar um sjálfstætt líf?

Aldur og metin stuðningsþörf

Nefnd Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks hefur gefið út drög að almennu álitinu um 19. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF). Greinin fjallar um sjálfstætt líf án aðgreiningar í samfélaginu. Álit nefndar SP mun hafa grundvallarþýðingu við skýringu á greininni.

4

TÍMARIT ÖBÍ

Hér er ætlunin að velja þeirri spurningu upp hvort nýleg frumvörp velferðarráðuneytisins, um breytingar á lagaumhverfi í kringum fatlað fólk á Íslandi, þ.e. frumvörp um þjónustu sveitarfélaga og þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir, séu í samræmi við það sem fram kemur í álitu nefndarinnar. Ætlunin er að leggja

sérstaka áherslu á tvo þætti, þ.e. stuðningsþörf og/eða aldur sem grundvöll ákvörðunar.

Hugtakið sjálfstætt líf

Hugtakið sjálfstætt líf er tiltölulega skýrt í hugum fólks. Þó er aðalmálið að fólk geri sér grein fyrir tvíþættu hlutverki 19. gr. Annars vegar

að tryggja sjálfstætt líf fólks, (e. independent living) það er að hver einstaklingur geti ráðið sínu lífi sjálfur og tekið ákvarðanir á sínum eigin forsendum. Hins vegar að einstaklingur á rétt á að búa í samfélaginu (e. community living) og taka þátt í því til jafns við aðra. Allir eru sammála því að notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) er það þjónustuform sem samræmist best umræddri 19. gr.

Framkvæmd aldursbreytunnar og „lögfesting réttar fólks til NPA“

Þegar frumvörpin tvö frá velferðarráðuneytinu voru gerð fóru fulltrúar Öryrkjabandalags Íslands, sem áttu sæti í nefnd um endurskoðun á lögum um málefni fatlaðs fólks, ekki í grafgötur með það að hvorki væri hægt að mismuna á grundvelli þjónustubarfar einstaklinga né aldurs. Þessu var mótmælt af hálfu fulltrúa sveitarfélaga í nefndinni.

Sveitarfélög hafa, því miður, og oft með hræðilegum afleiðingum, neitað fötluðu fólki um þjónustu á grundvelli aldurs, þ.e. að viðkomandi sé 67 ára eða eldri og önnur lög ættu að taka við þó svo að þau veiti engan rétt. Á þeim tíma sem unnið var að frumvörpunum var þessari framkvæmd hnekk af úrskurðarnefnd velferðarmála.

Frumvörpin sem liggja fyrir frá ráðuneytinu ganga út á að einstaklingar með metna stuðningsþörf yfir 10 tíma á viku geti notið réttar til að fá þjónustu á grundvelli laganna, en ef stuðningsþarfirnar eru metnar minni taka við lög um félagsþjónustu og þau veita einstaklingum ekki rétt til þjónustu. Með öðrum orðum, sértu með minni stuðningsþarfir nýturðu ekki réttar til NPA samkvæmt þeim frumvörpum sem liggja fyrir. Einstaklingar með minni stuðningsþarfir verða því að reiða sig á velvild sveitarfélaga.

Hvað segir nefnd SP um þessi tvö atriði?

Í öllum sínum skýringartextum leggur nefnd SP upp með að öll lagasetning, stefnumótun og ákvarðanatöku verði að vera í samræmi við kröfur samningsins og annarra mannréttindasamninga um jafnræði. Í öðrum drögum frá nefndinni í tengslum við skýringu á 5. gr. bendir nefndin á að jafnræðishugtak samningsins sé svokallað „inclusive equality“. Í stuttu máli gengur það út

á að allir séu jafnir og ríkið verði að tryggja jafna þátttöku allra. Samfélagsþátttaka til jafns við aðra er grundvallarréttur alls fatlaðs fólks.

Nefnd SP leggur sérstaka áherslu á að rétturinn til að lifa sjálfstæðu lífi og þátttöku í samfélaginu nái til alls fatlaðs fólks, óháð metinni stuðningsþörf, aldri, skerðingu, kynþætti, þjóðerni, dvalarstöðu fólks (e. migration status), fjárhagslegri innkomu og öðrum viðeigandi þáttum. Velta má því upp hvort umrædd frumvörp um lagaumhverfi fatlaðs fólks standist kröfur 5. gr. um „inclusive equality“ og 19. gr. um sjálfstætt líf og rétt einstaklinga til að lifa í samfélaginu.

Möguleg gagnrýni

Haustið 2016 urðum við aðildarríki að SRFF þegar samningurinn var fullgiltur. Því fylgir að hér á landi þarf að fylgjast stöðugt og vandlega með skýrslum ríkja og hagsmunasamtaka. Þá ber íslenska ríkinu að skila sinni fyrstu skýrslu á grundvelli SRFF eftir innan við eitt ár. Við tekur ferli þar sem nefnd SP mun hafa vökult auga með stöðunni hér á landi. Verði frumvörpin íslensku að lögum má telja afar líklegt að þau verði gagnrýnd harkalega af nefnd SP í ljósi áður nefndra þátta. Þess skal getið að huga þarf sérstaklega að fleiri atriðum í frumvörpunum en eru tiltekin í þessari grein.

Tillaga

Ljóst er að mikil vinna hefur farið í umrædd frumvörp velferðarráðuneytisins, en þau eru umdeild og óneitanlega ekki gallalaus. Þessi tvö atriði sem nefndin er hér að ofan varða algerlega þá grundvallarsýn sem lögin byggja á. Ljóst er að verði þau að lögum er afar hætt við því að íslenska ríkið fái mikla gagnrýni fyrir þau af hálfu nefndar SP og ég trúir ekki að stjórn málamenn, þegar þeir vita hvað er þarna undir, vilji halda áfram með óbreytt frumvörp.

Nú hafa allir stjórn mála flokkar lofað því að lögfesta NPA. Lögfesting þessara tveggja frumvarpa er ekki grundvallarskilyrði fyrir því að lögfesta rétt fólks til NPA. Þessi frumvörp verður einfaldlega að leggja tímabundið til hliðar, lögfesta rétt fólks til NPA án tafar, annað hvort með sérstöku ákvæði við núgildandi lög eða með sérlöggjöf um NPA.



HÖFUNDUR: INGVELDUR JÓNSDÓTTIR

fulltrúi í málefnaþrói ÖBÍ um aðgengismál.

Tillitssemi og nærgætni að leiðarljósi

Eins og margir handhafar bílastæðakorta fyrir hreyfihamlað fólk reka sig á nánast daglega, eru við á of fá sérmerkt bílastæði fyrir fatlað fólk. Ekki bætir úr skák að þessi stæði eru oft misnotuð. Misnotkunin virðist einkum vera tvenns konar. Annars vegar er lagt í sérmerkt stæði án þess að bílastæðakort sé í bílnum og bíllinn yfirgefinn. Hins vegar sést oft ökumaður með ekkert bílastæðakort sitjandi í bílnum, jafnvel með bílinn í gangi.

Ekki er gott að vita hvað þetta fólk er að hugsa, kannski heldur það að fatlað fólk komi flautandi að bílastæðinu og þá ætlar það að færa sig. Það er erfitt fyrir einstaka handhafa bílastæðakorta að gera mikið í þessu, annað en að pressa á yfirvöld að hafa betra eftirlit með þessum málum og kannski skrifa greinar í blöð. Hreyfihamlað fólk með bílastæðakort getur þó lagt dálítið af mörkum til að bæta nýtingu þeirra takmörkuðu gæða sem sérmerkt bílastæði eru.

Fréttir hafa borist af því að aðrir fjölskyldu-meðlimir leggi í bílastæði fyrir fatlað fólk þegar þeir fá bílinn með bílastæðakortinu lánaðan. Þetta er að sjálfsgöðu algjörlega óheimilt, það er hin hreyfihamlaða manneskja sem nýtur þeirra forréttinda að fá að leggja í þessi stæði, ekki bíllinn! Gott er að benda fjölskyldunni á þetta. Þar sem rétturinn til að leggja í sérmerkt stæði byggist á hreyfihömlun einstaklings en ekki bifreið, er ekki heimilt að leggja í sérmerkt stæði þegar hinn hreyfihamlaði situr í bílnum og ferðafélagi skýst inn.

Sérmerkt bílastæði eru breiðari en almenn stæði af þeirri ástæðu að margt hreyfihamlað fólk þarf talsvert athafnarymi. Það á ekki síst við um þá sem nota hjólastóla eða önnur hjálpartæki, eins og göngugrindur. Því er nauðsynlegt að geta opnað bíldyrnar upp á gátt og geta farið hindrunarlaust til og frá bíl. Þá þurfa bifreiðar sem eru útbúnar með lyftu eða rampi aukið

athafnasvæði. Þess vegna er talsvert bil milli bifreiða. Það á ekki að gefa til kynna möguleika fyrir aðra að nýta það pláss. Það er alltof algengt að sjá að bíll með bílastæðakort er búinn að troða sér á milli tveggja annarra (3 bílar í tveimur stæðum) eða jafnvel þétt upp að öðrum bílum í stæði (2 bílar í einu stæði). Þessi stæði á alls ekki að samnýta.

Því fylgir engin kvöð fyrir handhafa stæðiskorta fyrir hreyfihamlað fólk að leggja í sérmerkt bílastæði. Það er sjálfsagt að að leggja í almenn stæði þegar mögulegt er og skilja sérmerкта stæðið eftir handa þeim sem þarf mögulega frekar á því að halda.

Fólk með ýmsa sjúkdóma, s.s. gigt, á misgóða daga. Það er vel þegin tillitssemi að leggja í almenn stæði þegar fólk treystir sér til.

Hinu má ekki gleyma að margir þeirra sem eru með stæðiskort fyrir hreyfihamlað fólk eru ekki með sýnilega fötlun, auk þess sem margir handhafar eru ekki ökumenn heldur farþegar í bifreiðum, svo sem ungmenni sem ekki hafa bílpróf. Höfum alltaf tillitssemi og nærgætni að leiðarljósi.

Að lokum: Fólk með bílastæðakort fyrir hreyfihamlaða þarf ekki að borga í almenna stöðumæla. Það ætti ekki að þurfa að taka fram að þessi forréttindi fylgja manneskju en ekki bíl.

ADHD samtökin

Háaleitisbraut 13, 3. hæð, 108 Reykjavík
s. 581 1110 – adhd@adhd.is
www.adhd.is

Alzheimersamtökin á Íslandi

Hátúni 10, 1. hæð, 105 Reykjavík
s. 533 1088 – alzheimer@alzheimer.is –
www.alzheimer.is

Astma- og ofnæmisfélag Íslands

Síðumúla 6, 108 Reykjavík
s. 560 4814 og 552 2150 – ao@ao.is –
www.ao.is

Ás styrktarfélag

Ögurhvarfi 6, 203 Kópavogi
s. 414 0500 – styrktarfelag@styrktarfelag.is
is – www.styrktarfelag.is

Blindrafélagið

Hamrahlíð 17, 105 Reykjavík
s. 525 0000 f. 525 0001 – blind@blind.is
www.blind.is

Blindravinafélag Íslands

Sæviðarsundi 54, 104 Reykjavík
s. 581 2144 – sund54@simnet.is

CCU – Crohn's og Colitis samtökin á Íslandi.

Pósthólf 5388, 125 Reykjavík
s. 871 3288 – ccu@ccu.is – www.ccu.is

CP félagið

Háaleitisbraut 13, 108 Reykjavík
s. 691 8010 – cp@cp.is – www.cp.is

Einhverfusamtökin

Háaleitisbraut 13, 2. hæð, 108 Reykjavík
s. 562 1590 – einhverfa@einhverfa.is
www.einhverfa.is

Félag heyrnarlausra

Þverholti 14, 105 Reykjavík
s. 561 3560 f. 551 3567 – deaf@deaf.is
www.deaf.is

Félag lesblindra á Íslandi

Ármúla 7b, 108 Reykjavík
s. 534 5348 – fli@fli/snaevar@fli.is
www.fli.is

Félag lifrarsjúkra

Síðumúla 6, 108 Reykjavík
s. 841 2376 – lifrin@lifrin.is – www.lifrin.is

Félag nýrnasjúkra

Hátúni 10, 1. hæð, 105 Reykjavík
s. 561 9244 – nyra@nyra.is – www.nyra.is

Fjola

s. 553 6611 og 840 4665
sjonogheyrn@simnet.is
www.deafblind.is

FSFH – Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra

Pósthólf 8635, 128 Reykjavík
fsfh@fsfh.is – www.fsfh.is

Geðhjálp

Borgartúni 3, 105 Reykjavík
s. 570 1700 – gedhjalp@gedhjalp.is
www.gedhjalp.is

Geðverndarfélag Íslands

Hátúni 10, 105 Reykjavík
s. 552 5508 – gedvernd@gedvernd.is
www.gedvernd.is

Gigtarfélag Íslands

Ármúla 5, 108 Reykjavík
s. 530 3600 f. 553 0765 – gigt@gigt.is
www.gigt.is

Heilaheill

Sigtúni 42, 105 Reykjavík
s. 561 2200 og 860 5585
heilaheill@heilaheill.is – www.heilaheill.is

Heyrnarhjálp

Langholti 111, 104 Reykjavík
s. 551 5859 f. 551 5835
heyrnarhjalp@heyrnarhjalp.is
www.heyrnarhjalp.is

HIV-Ísland

Hverfisgötu 69, 101 Reykjavík
s. 552 8586 – hiv-island@hiv-island.is
www.hiv-island.is

Hjartaheill

Síðumúla 6, 108 Reykjavík
s. 552 5744 – hjartaheill@hjartaheill.is
www.hjartaheill.is

Hugarfar

Sigtúni 42, 105 Reykjavík
s. 661 5522 – hugarfar@hugarfar.is
www.hugarfar.is

LAUF – félag flogaveikra

Hátúni 10, 105 Reykjavík
s. 551 4570 – lauf@vortex.is – www.lauf.is

Málbjörg – félag um stam

Hátúni 10b, 105 Reykjavík
s. 551 7744 og 659 5135
malbjorg@stam.is – www.stam.is

Málefli

Daltúni 14, 200 Kópavogi
s. 897 4741 – malefli@malefli.is –
www.malefli.is

ME félag Íslands

Marklandi 8, 108 Reykjavík
s. 859 3456 – mefelag@gmail.com
www.mefelag.is

MG félag Íslands

Leiðhömrum 23, 112 Reykjavík
s. 567 0723 og 893 0823
– mg@mg-felag.is www.mg-felag.is

MND félagið á Íslandi

Skrifstofa Sigtúni 42, 105 Reykjavík
s. 565 5727 – mnd@mnd.is
www.mnd.is

MS félag Íslands

Sléttuvegi 5, 103 Reykjavík
s. 568 8620 f. 568 8621
msfelag@msfelag.is – www.msfelag.is

Ný rödd

Skógarhlíð 8, 105 Reykjavík
s. 540 1900 – nyrodd@krabb.is
www.krabb.is/nyrodd

Parkinsonsamtökin á Íslandi

Hátúni 10, 1. hæð, 105 Reykjavík
s. 552 4440
parkinsonsamtokin@gmail.com
www.parkinson.is

Samtök lungnasjúklinga

Síðumúla 6, 2. hæð, 108 Reykjavík
s. 560 4812 – lungu@lungu.is
www.lungu.is

Samtök sykursjúkra

Hátúni 10, 1. hæð, 105 Reykjavík
s. 562 5605 – diabetes@diabetes.is
www.diabetes.is

SEM – samtök endurhæfðra mænuskaddaðra

Sléttuvegi 3, 103 Reykjavík
s. 588 7470 – sem@sem.is – www.sem.is

SÍBS

Síðumúla 6, 108 Reykjavík
s. 560 4800 – sibs@sibs.is – www.sibs.is

Sjálfsbjörg Ish.

Hátúni 12, 105 Reykjavík
s. 550 0360 – sjalfsbjorg@sjalfsbjorg.is
www.sjalfsbjorg.is

SPOEX

samtök psoriasis og exemsjúklinga

Bolholti 6, 105 Reykjavík
s. 588 9666 – spoex@spoex.is
www.spoex.is

Stómasamtök Íslands

Skógarhlíð 8, 105 Reykjavík
s. 847 0694 – stoma@stoma.is
www.stoma.is

Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra

Háaleitisbraut 13, 108 Reykjavík
s. 535 0900 f. 535 0901 – slf@slf.is
www.slf.is

Tourette-samtökin á Íslandi

Hátúni 10, 1. hæð, 105 Reykjavík
s. 840 2210 – tourette@tourette.is
www.tourette.is



HÖFUNDUR GUÐJÓN HELGASON

samskiptastjóri ÖBÍ



Kerfið getur orðið mannúðlegt og sanngjarnt

Kvikmyndin I, Daniel Blake eftir breska leikstjórannt Ken Loach hefur vakið sterk viðbrögð í Bretlandi og víðar um heim, þar á meðal hér á Íslandi. Hún fjallar um smiðinn Daniel Blake sem þarf að leggja frá sér hamarinn um tíma vegna hjartveiki. Hann rekst þá á hvern vegginn á fætur öðrum í breska bótakerfinu. Starfsmatskerfið breska telur hann hæfan til vinnu, þvert á ráðleggingar lækna. Þá upphefst eltingaleikur við kerfið sem hefði sómt sér í skáldsögu eftir Franz Kafka.

Rebecca O'Brien er framleiðandi myndarinnar. Hún var sérstakur gestur á Stockfish kvikmyndahátíðinni í Bíó Paradís þegar myndin var frumsýnd hér á landi í mars.

Rebecca segir að handritshöfundurinn, Paul Laverty, og Loach hafi verið að leita að nýrri kvikmyndahugmynd til að vinna með. Þeir hafi viljað fjalla um samtímann og kafa ofan í málefni sem snerti venjulegt fólk í dag. Þeir vildu skoða eitthvað sem tengdist vinnumarkaði

og bótakerfi. Paul hafi fundið fjöldan allan af dagblaðafréttum þessu tengdu og út frá þeim tekist að teikna upp mynd af ósanngjörnu kerfi sem virtist vera meðvitað í grimmd sinni. Rebecca segir að Paul hafi deilt þessum sögum með hópnum sem stóð að gerð myndarinnar og þær síðan orðið bakgrunnur hennar.

„Hugmyndin var að gera eitthvað sem var tiltölulega smátt í sniðum og láta það gerast á einu svæði. Við völdum Newcastle þar sem það

er vel þekktur staður og umhverfið fallegt. Síðan einblíndum við á þessar tvær aðalpersónur, sem myndin snýst um,” segir hún. Þar vísar hún til titilpersónunnar Daniels og einstæðu móðurinnar Katie.

Rebecca segir að ef kvikmyndagerðarmenn hafi tækifæri til að kafa ofan í sögurnar að baki fréttunum og ofan í það sem í raun og sanni hefur áhrif á daglegt líf fólks, eins og virðist hafa tekist í þetta sinn, þá sé hægt að vekja fólk til umhugsunar og auka vitund þess um tiltekið málefni. „Við vorum lánsöm að detta niður á þetta efni, þarna er ljóst að fólk verður fyrir barðinu á kerfinu, því finnst það svikið en um leið finnst fólk þá ekki geta tjáð sig um það.”

Rebecca segist vilja geta sagt að myndin hafi valdið breytingum hjá yfirvöldum vegna bótakerfisins. Myndin hafi aukið meðvitund ráðamanna um málaflokkinn. Í Daniel Blake hafi verið nefnd, bæði beint og óbeint, í umræðum á breska þinginu fyrstu vikurnar eftir að hún kom út. Þrátt fyrir það sé ekki hægt að halda því fram að myndin hafi haft bein áhrif til breytingar á hugsunarhætti stjórnvalda. Rebecca segist vona að myndin hafi orðið kveikja að umræðu og gefið því fólk rödd sem telur sig illa leikið af bótakerfinu.

Rebecca þekkir ekki tilurð þess starfsgetumatskerfis sem sé í notkun í Bretlandi, en hún telji að því hafi verið komið á fót til að einfalda matskerfið og til að eitt fyrirkomulag passaði öllum. Það hafi verið gert til að draga úr kostnaði og til að auðvelda samanburð á tölulegum gögnum úr kerfinu. Það hafi gleymst að taka með í reikninginn að það sé hugsað fyrir fólk með mismunandi þarfir. Þess vegna telur hún að kerfið sé ómanneskjulegt og hæfi ekki tilgangi sínum.

Myndin sýni farsakenndar og óviðeigandi kröfur sem matskerfið gerir til einstaklinga. Vandamálið, eins og hún sér það, er að stjórnvöld vilja verja minna fé í að greiða bætur og geri það með þeim hætti að færri teljist gjaldgengir til stuðnings. Til að ná þeim tilgangi sé kerfi hannað sem þreyti fólk, torveldi því að sækja rétt sinn til þess að það gefist hreinlega upp og haldi ekki bótaumsóknum sínum til streitu. Rebecca segir að Ken tali um það sem „meðvitaða grimmd”.

Meiri sanngirni væri að fá út úr kerfi sem taki á fólki af skilningi og samúð og geri ekki ráð fyrir að allir séu að reyna að leika á það.

Hún telur að áróðri sé beitt gegn örorkulífeyrisþegum. Í fréttum, sjónvarpsþáttum og ræðum stjórnmalamanna sé fólk sífellt sagt að fátækt fólk verðskuldi ekki aðstoð eða að það sé að reyna að svindla fé út úr hinu opinbera.

„Raunin er hins vegar sú að mun færri fólk svindlar á kerfinu en talið er,” segir Rebecca og bætir við að í sumum tilvikum hafi verið fullyrt að allt að þriðjungur þeirra sem fái bætur reyni að svindla þær út. Svíksamlegar bótakröfur og umsóknir séu hins vegar færri en 1% af heildarfjöldanum.

„Í reynd tapast meira skattfé með skattsvikum og undanskotum. Stóri vandinn er sá að fjölmiðlar í Bretlandi hallast í grundvallaratriðum til hægri og segir hún það eigendum þessara fjölmiðla í hag að halda þessum hugmyndum á lofti. Þörf sé á hreinskiptum fjölmiðlum sem sækjast ekki eftir að þjóna pólitískum hagsmunum eigenda sinna”.

„Raunin er hins vegar sú að mun færri fólk svindlar á kerfinu en talið er,” segir O’Brien og bætir við að í sumum tilvikum hafi verið fullyrt að allt að þriðjungur þeirra sem fái bætur reyni að svindla þær út. Svíksamlegar bótakröfur séu hins vegar færri en 1% af heildarfjöldanum.

Íslensk stjórnvöld stefna að því að koma á fót starfsgetumati. Rebecca segist ekki þekkja áætlanir hér á landi og heldur ekki breska kerfið í þaula. „En ég tel það lykilatriði að hanna kerfi sem tekur í raun og sanni tillit til þarfa fólks og þeirra aðstæðna sem það er í. Það er ekkert sem segir að slíkt kerfi geti ekki verið mannúðlegt og sanngjarnt. En þá má ekki haga því þannig að dulið markmið þess sé að koma fólk af bótum með fornaldarlegu fyrirkomulagi og tilgangslausum könnunarspurningum.”



**HÖFUNDAR ELÍN HOE HINRIKSDÓTTIR OG
ÞORBERA FJÖLISDÓTTIR**

fulltrúi og starfsmaður málefnaþóps ÖBÍ
um atvinnu- og menntamál



Mynd: Margrét Ögn Rafnsdóttir

Skóli fyrir alla – hindranir eða tækifæri

Málefnaþópur Öryrkjabandalags Íslands um atvinnu- og menntamál stóð fyrir málþingi þann 5. apríl síðastliðinn. Yfirskrift málþingsins var Skóli fyrir alla - hindranir eða tækifæri. Sjónum var beint að stefnunni „Skóli án aðgreiningar“ og komu fyrirlesarar úr ýmsum áttum.

Aðalfyrirlesari málþingsins var Dr. Erja Sandberg en hún starfar sem kennari við Háskólann í Helsinki ásamt því að gegna rannsóknarstöðu þar sem hún leggur áherslu á rannsóknir á málefnum sem tengjast kennslu og nemendum með sérþarfir. Fyrirlestur hennar var afar fræðandi og gaf góða innsýn í menntun og reynslu Finna af skóla án aðgreiningar.

Finnska menntakerfið

Kennaramenntun

Í Finnlandi er kennaramenntun 5 ára nám sem lýkur með meistaragraðu. Áhugavert er að mikil aðsókn er í kennaranámið og komast færri að en vilja. Umsóknir um almennt kennaranám skipta hundruðum en aðeins lítill hluti umsækjenda kemst að.

Á síðasta ári voru 790 manns sem sóttu um að komast í sérkennslunám og voru

20 umsækjendur valdir úr þeim hópi. Umsóknarferlið byggist á inntökuprófi og einstaklingsviðtölum í kjölfarið. Stór hluti þess náms byggir á kennslu og aðstoð við nemendur með sérþarfir, hvort sem um er að ræða sérþarfir af líkamlegum eða andlegum toga.

Athygli vekur að í Finnlandi er mikil virðing borin fyrir kennarastéttinni og litið er á kennara sem sérfræðinga í sínu fagi.

Stuðningur við nemendur með sérþarfir

Í Finnlandi hvílir lagaleg skylda á menntastofnunum að veita þjónustu við hæfi hvers og eins. Árið 2011 var gerð meiriháttar endurskoðun á skólakerfinu þegar kemur að sérkennslumálum í kjölfar breytinga á lögum um skóla.

Mikilvægustu breytingarnar vörðuðu nám án aðgreiningar og snemmtæka íhlutun í stað sérskóla eða sérbekkja. Þar af leiðandi hefur hver nemandi rétt á að sækja sinn heimaskóla. Foreldrar hafa þó rétt til þess að óska eftir að barnið sækji skóla annars staðar og ákvörðun um það er tekin af skólaýfirvöldum á hverjum stað.

***Góður námsárangur í
finnskum skólum helgast m.a.
af því að sérkennsla er
sveigjanleg og aðgengileg
öllum nemendum***

Sá meginmunur er á íslenska menntakerfinu og því finnska að samkvæmt finnskum lögum er kveðið á um að ekki sé þörf á greiningu sem forsendu aðstoðar fyrir nemandann. Horft er á aðstæður hvers nemanda fyrir sig og þörfin metin út frá námserfiðleikum frekar en fötluninni/röskuninni sjálfri. Ef kennari telur að barn þurfi á sérfræðiaðstoð að halda, nægir umsögn kennarans til að sú þjónusta sé veitt.

Áður en áður nefnd breyting á lögum átti sér stað var aðstoð til nemenda með sérþarfir skipt niður í tvö stig þ.e. þeir sem þurftu almennan stuðning og þeir sem þurftu á sérstuðningi að halda. Í kjölfar endurskoðunarinnar árið 2011 er aðstoð við nemendur nú skilgreind í þrjú stig þ.e. almennur stuðningur, aukinn stuðningur og mikill stuðningur en allt á þetta að auðvelda nemandanum að sækja skóla án aðgreiningar.

Góður námsárangur í finnskum skólum helgast m.a. af því að sérkennsla er sveigjanleg og aðgengileg öllum nemendum. Þörfin fyrir sérkennslu er metin af kennara barnsins og hefst stuðningur snemma, snemmtæk íhlutun, við byrjun skólagöngu auk þess sem ofangreind þrjú stig auðvelda skólum að veita þann stuðning sem við á.

Unnið út frá þörfum einstaklingsins

Í finnska skólakerfinu eru kennsluaðferðir miðaðar út frá þörfum hvers og eins. Foreldrar hafa rétt á að koma sínum skoðunum á framfæri, en ávallt er þó stuðst við sérfræðiálit og sérþekkingu kennarans. Endanlegt ákvörðunarvald liggur þó í höndum yfirmanns skólamála á hverjum stað.

Stefna um „skóla án aðgreiningar“ er sérstaklega mikilvæg þegar unnið er með nemendur með sérþarfir. Skóli án aðgreiningar eru ekki eingöngu falleg orð á blaði, heldur þarf að miða framkvæmdina út frá þörfum hvers og eins. Hvort sem um einstaklingsmiðað nám eða skóla er að ræða er alltaf horft á stuðninginn út frá þörfum nemandans, óháð fjármagni.

Styrkleikar nemandans

Á síðustu árum hefur í auknum mæli verið einblínt á styrkleika nemandans í stað erfiðleika í finnska menntakerfinu. Hér áður fyrr voru lagðar fyrir ýmsar kannanir sem allar tóku mið af veikleikum/erfiðleikum nemandans í stað þess að finna út í hverju styrkleikar hans væru fölgirnir. Litið er svo á að ef eingöngu er horft á fatlanir/raskanir er hætta á að styrkleikar nemandans verði út undan. Hver einstaklingur býr yfir styrkleikum og er mjög mikilvægt að unnið sé með þá í kennslu. Þar af leiðandi eru þeir kannaðir reglulega með þar til gerðum matsaðferðum.

Það má e.t.v. segja að stærsta breytingin sem hefur orðið í finnskum kennsluaðferðum sé sú að nú sé farið að líta á nemandann út frá styrkleikum og öll umgjörð námsins er byggð á jákvæðri sálfræði. Þetta hefur haft mikil og jákvæð áhrif. Þegar nemandi finnur eigin styrkleika, styrkir það um leið sjálfsmýnd hans og sjálfstraust og auðveldar honum að takast á við erfiðleika.

Hringsjá, náms- og starfsendurhæfing

Helga Eysteinsdóttir, forstöðumaður Hringsjár, náms- og starfsendurhæfingar, flutti einnig erindi á málþinginu.

Í Hringsjá er boðið upp á nám á grunn- og framhaldsskólastigi fyrir nemendur á aldrinum 18 – 67 ára.

Nemendur í Hringsjá eru brottfallshópurinn úr framhaldsskólunum, einstaklingar sem hafa ekki fundið sig í skólakerfinu vegna andlegra eða líkamlegra veikinda, slysa, áfalla, neyslusögu eða erfiðra félagslegra aðstæðna. Margir þeirra eiga við námserfiðleika að stríða s.s. vegna lesblindu eða ADHD. Athygli vekur að mikil aukning hefur orðið í fjölda karlmanna sem sækja nám í Hringsjá. Nemendur Hringsjár eru einstaklingar sem vilja bæta líf sitt og stefna á vinnumarkað eða jafnvel frekara nám að loknu námi í Hringsjá.

Greiningar og sérkennsla

Nemendum með greiningar hefur fjölgað undanfarin ár en einnig sækja námið nemendur sem ná ekki greiningarviðmiðum. Þeir nemendur þurfa þó ekki síður á aðstoð að halda. Helga leggur mikla áherslu á að skortur sé á aðstoð við nemendur í íslenska skólakerfinu og því sé nauðsynlegt að endurskoða það alveg frá grunni.

Kennsla í minni hópum

Helga telur nauðsynlegt að sérkennarar komi í meira mæli inn í kennslustundir og að færri nemendur séu í hverjum bekk fyrir sig. Í niðurskurði í skólakerfinu í kjölfar hrunsins stækkuðu bekkjardeildir og kom það niður á gæðum skólastarfsins. Kennarar eru allir af vilja gerðir en geta ekki sinnt þörfum allra í mjög fjölmennum bekkjum. Því er mikilvægt að minnka bekkjareiningar.

Brottfall og stytting náms í framhaldsskóla

Á síðasta ári náðu 21% þeirra sem luku grunnskóla ekki lágmarkskröfum um námsvist í framhaldsskóla (fengu einkunnina D í einni kjarnagrein eða fleirum) samkvæmt upplýsingum frá Menntamálastofnun. Stytting framhaldsskólans í þrjú ár er órökrétt þegar staðan er þannig að fimmti hver unglingur nær ekki lágmarki fyrir nám í framhaldsskóla. Ein af rökunum fyrir styttingu námsins var að það myndi draga úr brottfalli. Helstu ástæður brottfalls hafa reynst vera veikindi og námserfiðleikar og því er afar ólíklegt að með því að auka álagið sem fylgir styttingu námstímans, dragi úr brottfalli.

25 ára reglan

Mikilvægt er að fella niður regluna um að framhaldsskólarnir taki ekki við nemendum eldri en 25 ára. Margir vilja halda áfram námi en treysta sér ekki til að takast á við þann námshraða sem fylgir námi í háskólabrú. Hringsjá hefur átt mjög gott samstarf við framhaldsskólana sem hafa margir hverjir tekið við fólki eftir að námi í Hringsjá lýkur. Helga óttast þó að þessar dyr lokist í næstu efnahagslegu niðursveiflu. Nemendum eldri en 25 ára hefur reyndar verið hleypt inn í framhaldsskólana en dregið hefur úr umsóknum þessa hóps þar sem með nýju 25 ára reglunni telja nemendur vonlaust að komast í nám í framhaldsskóla og sækja því ekki um.

Þverfaglegt teymi

Í Hringsjá starfar þverfaglegt teymi náms- og starfsráðgjafa, markþjálfra, sálfræðings, félagsráðgjafa og sérkennara sem vinna náið saman að því að aðstoða nemendur. Helga bendir á að í mörgum tilfellum séu félagsleg vandamál orsök slaks námsárangurs og því er mikilvægt að félagsráðgjafar séu starfandi innan skólanna. Einnig þarf að auka sálfræðipjónustu til muna innan framhaldsskólanna.

Sérstaða Hringsjár

Reynslan hefur sýnt að það fyrirkomulag náms sem viðhaft er í Hringsjá hentar mjög vel fyrir nemendur sem eiga við námserfiðleika að stríða. Gott utanumhald með hverjum nemanda er einn af lykilþáttum starfsins og þar fer fram náið þverfaglegt samstarf. Kosturinn við að bjóða upp á litlar einingar er sá að allar boðleiðir stytast og um leið skapast persónuleg nánd. Þetta leiðir af sér aukið traust

nemenda til kennara og skapar jákvæðara viðhorf til námsins enda er eitt af markmiðunum að ýta undir styrkleika hvers og eins svo einstaklingurinn fái að blómstra á eigin forsendum.

Í framhaldi af þessari umfjöllun telur Helga ótvíræða kosti fylgja því að skapa fleiri minni einingar í anda Hringrásar, sérstaklega á landsbyggðinni. Þar sem skólakerfið er oft á tíðum þungt í vöfum og hentar illa fyrir brottfallsnemendur er ekki þörf heldur nauðsyn að auka þjónustu við þennan hóp. Með því að veita öllum jöfn tækifæri til náms byggjum við upp betra samfélag fyrir alla.

Samningur SP um réttindi fatlaðs fólks og menntun


Alþingi Íslendinga fullgilti samninginn í september 2016. Þau ríki sem eru aðilar að samningnum skuldbinda sig til að „koma á menntakerfi á öllum skólastigum án aðgreiningar og ævinámi í því skyni að þessi réttur megi verða að veruleika án mismununar og þannig að allir hafi jöfn tækifæri.“

Til að svo megi verða þarf m.a. að tryggja að fatlað

Kennsla fatlaðra nemenda tekur of oft mið af skerðingu einstaklingsins ásamt fyrirfram gefnum neikvæðum hugmyndum um getu.

fólk sé ekki útilokað frá almenna skólakerfinu vegna fötlunar og að árangursríkar, einstaklingsmiðaðar stuðningsaðgerðir séu veittar í umhverfi sem hámarkar hvað mest mögulegan árangur í námi og félagslegan þroska. Styrkja þarf menntakerfið til að það sé í stakk búið að koma til móts við þarfir allra nemenda. Ráða þarf kennara, þar með talið fatlaða kennara, sem eru sérhæfðir í óhefðbundnum tjáskiptaaðferðum, auk þess að þjálfa starfsfólk á öllum stigum menntakerfisins. Kennsluaðferðir og námsgögn skulu vera við hæfi og styðja fatlaða nemendur.

Kennsla fatlaðra nemenda tekur of oft mið af skerðingu einstaklingsins ásamt fyrirfram gefnum neikvæðum hugmyndum um getu. Aðildarríkjum samningsins ber að styðja við sköpun tækifæra sem byggja á styrkleikum og hæfileikum hvers og eins fatlaðs einstaklings.



Dr. Erja Sandberg flytur fyrirlestur sinn á málþinginu.



HÖFUNDUR: GUÐJÓN HELGASON
Samskiptastjóri ÖBI

Vilja opna jafnréttisumræðuna

Verkefnastjórnarnir Gísli Björnsson og Ragnar Smárason hafa á síðustu misserum unnið ásamt Kristínu Björnsdóttur, dósent í fötlunarfræði við Háskóla Íslands, að nýstárlegu verkefni sem ber heitið „Jafnrétti fyrir alla?“ Því er ætlað að skoða hugmyndir karla með þroskahömlun um jafnrétti og hlutverkaskiptingu kynjanna. Til að ná því markmiði er upplýsingum safnað um aðgengi þeirra að jafnréttisstarfi. Þá er einnig skoðað hvernig hægt sé að auka þekkingu þeirra á jafnrétti með árangursríkum hætti og um leið hvernig megi virkja þátttöku þeirra í jafnréttisstarfi.

Gísli og Ragnar brautskráðust báðir úr starfs-tengdu diplómanámi við Háskóla Íslands árið 2013. Þeir eru báðir reyndir fyrirlesarar. Gísli er aukin-heldur með reynslu af hagsmunabaráttu fatlaðs fólks og var um tíma varaformaður NPA miðstöðvarinnar, sem er samvinnufélag í eigu fatlaðs fólks og aðstoðar við utanumhald og umsýslu vegna notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA). Þá er Gísli einnig sendiherra samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF).



Rannsóknin fékk styrki úr jafnréttissjóði og Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands. Byggt er á eiginlegri rannsókn sem hófst í janúar 2016. Þetta er samvinnurannsókn þar sem byggt er á nánú samstarfi fólks með þroskahömlun og fræðimanna sem ekki eru með þroskahömlun. Fólk úr báðum þessum hópum tekur virkan þátt í ferlinu, safnar gögnum, býður upp á kynningar og aðgerðir til að auka vitundarvakningu um jafnrétti. Gildi rannsókna eins og þessarar

felast í framlagi fólks með þroskahömlun til rannsóknarferlisins. Talið er að með því að beina sjónum að hugmyndum karla í þessum hópi sé hægt að afla upplýsinga sem gagnist við að skipuleggja jafnréttisstörf og þannig verði hægt að byggja á þörfum þessa hóps og óskum þeirra sem tilheyra honum.

Ragnar og Gísli segja að þeirra fyrsta verk hafi verið að skipuleggja markmið verkefnisins og síðan að marka rannsóknarspurningarnar. Þátttakendur væru spurðir hvaða hugmyndir karlar með þroskahömlun, hefðu um jafnrétti og hlutverkaskiptingu karla og kvenna? Þá er spurt um aðgengi þeirra að jafnréttisstarfi og hvernig væri hægt að virkja karla með þroskahömlun til þátttöku.

Ragnar segir að fyrir þau almennu atriði sem fylgi því að vera í vinnu - þ.e. að fá laun, starfa með góðu fólki og þroskast í starfi – hafi þátttakan í rannsóknarverkefninu leitt hann og Gísli á nýja staði. Í gegnum verkefnið hafi þeir kynnst ólíkum hlutum og þeir hafi fengið tækifæri til að reyna sig á fjölbreyttum vettvangi.

„Það sem við vonumst og stefnum hins vegar að er að verkefnið gagnist öðrum,“ segir Ragnar. „Rannsóknarverkefnið hefur leitt í ljós að jafnréttisumræðan er of þröng og óaðgengileg og við viljum finna leiðir til þess að opna hana og gera hana aðgengilega sem flestum. Með því erum við einnig að ögra því valdi sem hefur mótað umræðuna og farvegi hennar, til dæmis innan háskólasamfélagsins. Sem dæmi höfum við verið að þróa svokallaðar myndaritgerðir og notað samfélagsmiðla til að kynna niðurstöður.“

Ragnar og Gísli segja að verkefnið hafi verið gefandi. Það hafi opnað augu þeirra fyrir nýjum flötum í jafnréttisumræðunni og gefið þeim færi á að kynnast nýjum hlutum, taka þátt í samfélaginu og njóta þess sem fylgir því að vera á hinum akademíska vettvangi. Þeir hafi ferðast vítt og breytt í tengslum við verkefnið, bæði innanlands og utan. Þeir hafi mætt í sjónvarpsviðtöl, kennt í framhalds- og háskólum, tekið þátt í listgjörningum og starfað með erlendum fræðimönnum og aðgerðasinnum.

Ragnar segir að margt sé á döfinni á næstu



Gísli Björnsson brautskráðist úr starfstengdu diplómanámi við Háskóla Íslands árið 2013. Hann hefur umtalsverða reynslu af hagsmunabaráttu fyrir fatlað fólk. Hann var varaformaður NPA miðstöðvarinnar og er



sendiherra samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF). Þá er Gísli meðlimur í Gæsarhópnum sem opnaði Kaffihúsið GÆS í Tjarnarbíói árið 2013. Gísli segir að eftir námið hafi hann fengið mörg verkefni, þar á meðal sendiherrahlutverkið og tekið þátt í að flytja fyrirlestra. Leit hans að vinnu hafi reynst erfið og verkefnið „Jafnrétti fyrir alla?“ fyrsta launaða vinna hans. Gísli spilar á orgel og sækir tónleika og leikhús þegar hann getur.

Ragnar Smárason hóf nám í Borgarholtsskóla og Fjölmenn, símenntunarstöð fyrir fatlað fólk. Þaðan lá leiðin í diplómanám við Háskóla Íslands þaðan sem hann útskrifaðist árið 2013. Hann hóf síðan



störf hjá Örva í Kópavogi þar sem fólk með skerta starfsgetu tekur meðal annars þátt í starfsprófun og starfspjálfun. Árið 2016 hóf hann störf við verkefnið „Jafnrétti fyrir alla?“ ásamt Gísli. „Það var spennandi að koma inn á þennan vettvang,“ segir Ragnar. „Ég þekkti Gísli úr diplómanáminu.“

mánuðum. Áfram verði tekin viðtöl við fólk og þau greind. Þá hafi þeir fengið samþykkað birtingu greinar í tímaritinu Netla, sem er veftímarit um uppeldi og menntun. Þá sé stefnt á að skila kafla í erlenda fræðibók.

„Eins og er sjáum við um kennslu í námskeiði um jafnrétti í Fjölbautaskólanum í Breiðholti og það er fyrirhugað að við komum eitthvað inn í kennslu í HÍ,“ segir Ragnar. „Auk þess stendur okkur til boða að koma með einhverjum hætti að símenntun. Í lok nóvember munum við taka þátt í fötlunarfræðiráðstefnu í Amsterdam.“ Þá

geti fólk kíkt á fyrirlestur þeirra á Menntavíkunni í október.

Verkefnið var upphaflega áætlað til þriggja ára og er fjármagnað út árið 2018 í gegnum Jafnréttissjóð og Rannsóknasjóð Háskóla Íslands. „Við höfum samt hug á því að halda verkefninu áfram, vegna þess að það hefur undið upp á sig og við höfum sannað tilverurétt okkar á þessum vettvangi,“ segir Ragnar. „Til þess að svo verði þarf hins vegar fjármagn og breytt viðhorf, þannig að framtíð verkefnisins og vinnu okkar veltur svolítið á öðrum en okkur sjálfum.“



HÖFUNDUR: GUÐJÓN HELGASON

Samskiptastjóri ÖBÍ

Breytt skipulag ÖBÍ

16

TÍMARIT ÖBÍ

Öryrkjabandalag Íslands hefur í rúm 65 ár verið ein helstu hagsmuna- og mannréttindasamtök fatlaðs fólks á Íslandi. ÖBÍ er regnhlífasamtök 41 aðildarfélags af mismunandi toga. Flest eiga þessi félög það sameiginlegt að gæta hagsmuna fyrir þjóðfélagshópa sem hafa átt undir högg að sækja í íslensku samfélagi.

Verkefni bandalagsins eru ótalmörg og

skýr í augum flestra. Þau eru aðallega hagsmunabarátta, hagsmunagæsla og réttindabarátta fyrir hönd félaga í aðildarfélögum ÖBÍ, það er fatlað fólk, öryrkjar, fólk með langvinna sjúkdóma og aðstandendur þess.

Einstaklingar geta ekki orðið aðilar að bandalaginu heldur að aðildarfélögum þess. Þá hefur gætt þess misskilnings að bandalagið gegni hlutverki eins konar stéttarfélags, sem er

rangt. Á vettvangi þess starfar þó menntasjóður þar sem örorkulífeyrisþegar geta sótt styrki til náms. Bandalagið berst fyrir hagsmunum sinna aðildarfélaga en fer ekki með neinn samningsrétt. Það getur hins vegar barist fyrir bættum kjörum örorkulífeyrisþega með því að benda fjárveitingarvaldinu á hvar pottur er brotinn í þeim málum.

Á aðalfundi ÖBÍ í október 2014 voru samþykkt ný lög um bandalagið. Kosið var samkvæmt þeim á aðalfundi ári síðar. Þá var í fyrsta sinn kosið í 19 manna stjórn Öryrkjabandalagsins í stað 37 manna aðalstjórnar. Í apríl 2015 var fyrsta stefnuþing ÖBÍ haldið samkvæmt nýju lögunum. Hlutverk þess er að móta stefnu og áherslur í sameiginlegum hagsmunamálum. Þar eru gerðar tillögur til aðalfundar um stefnu og áherslur í starfi bandalagsins og ákveðið hvaða föstu málefnaþópar skulu starfa innan ÖBÍ.

Í dag starfa fimm málefnaþópar hjá bandalaginu, en formenn þeirra eru kosnir á aðalfundi. Stjórn ÖBÍ velur síðan sex fulltrúa í hópinn sem starfa með formanni hans. Stefnuþing markar áherslur hvers hóps í viðkomandi málaflokki.

Málefnaþóparnir fjalla um aðgengi, atvinnu- og menntun, heilbrigði, kjaramál og sjálfstætt líf. Skipan málefnaþópanna er þó ekki meitluð í stein. Það er stefnuþings hverju sinni að ákveða hvaða málefnaþópar séu starfandi og því getur það tekið breytingum eftir því hvaða mál teljist vera brýnust hverju sinni.

Hver af málefnaþópunum fimm hefur sett þrjú málafni á oddinn sem lögð er áhersla á að fái brautargengi.

Málefnaþópur ÖBÍ um aðgengismál leggur áherslu á að byggt verði aðgengilega á Íslandi og algildri hönnun fylgt. Þá verði aðgengiseftirliti komið á sem slökkvilið annist samhliða brunaeftirliti. Þá verði textun í sjónvarpi augin og það fest í lög að allt íslenskt efni skuli vera textað.

Málefnaþópur ÖBÍ um atvinnu- og menntamál leggur meðal annars áherslu á að hvatningarkerfi verið tekið upp fyrir fyrirtæki og stofnanir sem hafi ákveðið hlutfall starfsmanna með skerta


starfsgetu. Stofnaður verði lánasjóður til að stuðla að sjálfstæðum atvinnurekstri fólks með skerta starfsgetu. Þá verði fylgt lögbundinni þjónustu við nemendur með sérþarfir.

Málefnaþópur ÖBÍ um heilbrigðismál leggur áherslu á gjaldfrjálsa heilbrigðisþjónustu og að skilgreiningar á hjálpartækjum í íslenski löggjöf taki mið af áherslum samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF) þar sem þarfir og óskir notenda eru í forgrunni. Þá verði fé lagt í að styrkja heilsugæsluna enn frekar.

Málefnaþópur ÖBÍ um kjaramál leggur áherslu á að örorkulífeyrir almannatrygginga verði hækkaður, dregið verði úr tekjuskurðingum á borð við krónu-á-móti-krónu skerðingu, og persónuafsláttur verði hækkaður til að tekjur undir 310 þúsund krónum verði ekki skattlagðar.

Málefnaþópur ÖBÍ um sjálfstætt líf leggur áherslu á að bæði notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) og SRFF verði lögfest. Þá verði meira fjármagni varið til samskiptamála, þar á meðal til táknmálstúlkaþjónustu.

Skipan málefnaþópa og áherslumál þeirra kunna að taka breytingum þegar næsta stefnuþing verður haldið árið 2018.





HÖFUNDUR EMIL THÓRODDSEN

Formaður málefnaþóps ÖBÍ um heilbrigðismál

Frá samráðs- og greiningarfundi um hjálpartæki í mars 2017

Hjálpartæki, nauðsyn eða?

Í allri umræðu um nýtt starfsgetumat og aukna atvinnuþátttöku fatlaðs fólks skiptir umgjörð og opinber stuðningur er varðar hjálpartæki gríðarlegu máli. Almennar leikreglur, viðmið og skyldur í þessa veru skortir. Jafnvel þó að leikreglurnar séu til vísar hver á annan og þær eru notaðar eins og þær séu huglægar og háðar duttlungum þeirra sem með fara.

Sjálfstætt líf, starfsgetumat, atvinnuþátttaka og hjálpartæki eru nátengd hugtök þegar rætt er um lífsgæði fólks sem býr við skerðingar af ýmsu tagi. Aðgengi að hjálpartækjum er lykilatriði fyrir fatlað fólk ef full þátttaka í samfélaginu á að nást. Í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF) má lesa eftirfarandi í 19. grein:

„Ríkin, sem eru aðilar að samningi þessum, viðurkenna jafnan rétt alls fatlaðs fólks til að lifa í samfélaginu og rétt þess til að eiga valkosti til jafns við aðra og skulu gera árangursríkar og viðeigandi ráðstafanir til þess að fatlað fólk megi njóta þessa réttar til fulls og stuðla að fullri þátttöku.“

Hér er átt við að lifa sjálfstæðu lífi og án aðgreiningar í samfélaginu. Á fleiri stöðum í samningnum má lesa um mikilvægi hjálpartækja ef full þátttaka á að nást, enda gríðarlega mikilvægur hlekkur í þeim „viðeigandi rástöfunum“ sem þarf að gera svo að vel takist til.

Ráðstafanir hins opinbera á sviði hjálpartækja tengjast lífsgæðum fólks á öllum sviðum. Að ýmsu er að hyggja. Nefnum hér framboð á

hjálpartækjum, viðgerðarþjónustu, kostnaðarhlutdeild (efnahagslegt aðgengi), upplýsingagjöf, þjálfun og ýmsa aðra faglega stoðþjónustu. Hér er ekki ætlunin að fara í alla þessa þætti, heldur ræða stuttlega umgjörð um stuðning hins opinbera eða ráðstafanir í þá veru.

Ef skoðuð er reglugerð sem kveður á um kostnaðarhlutdeild hins opinbera í hjálpartækjum er áhugavert að skoða hvernig hugtakið „hjálpartæki“ er notað. Það er einungis að finna í samhenginu „nauðsynlegt hjálpartæki“. Í fljótu bragði sýnist örugglega einhverjum að ekki sé mikill munur á en hér skiptir öllu máli hvernig við túlkum hugtakið „nauðsyn“ og einkum hver ákvarðar þá túlkun. Er það einhver þriðji aðili, eða er það notandinn sjálfur sem hefur þar úrslitaáhrif? Fyrir notandann sem þarf á tækjunum að halda eru þau ekki dauðir hlutir, þau verða partur af daglegri tilveru og einskonar framlenging af honum sjálfum. Án þeirra er þátttaka ógerleg, sjálfstætt líf úr sögunni.

Reglugerðin tekur einkum á því að svara kröfum um grunnþarfir, kröfum um hjálpartæki á heimili

eða í tengslum við samgöngur. Illa eða ekki er tekið á stuðningi til að taka þátt í samfélaginu utan heimilis, t.d. í vinnu, í skóla og tómstundum. Nauðsyn er ákveðin af öðrum en notandanum sjálfum og naumt skömmtuð ef tengt er við fulla þátttöku fólks í samfélaginu. Að lifa sjálfstæðu lífi felur í sér meira en að vera virkur í sínu allra nánasta umhverfi, sem alls ekki er gert lítið úr, það felur bara svo miklu meira í sér. Tækifæri til menntunar, atvinnu, þátttöku í menningarlífi o.fl. o.fl. Ef hjálpartæki eiga að vera sú stoð sem fólk þarfnast í þessu samhengi verður hugtakið „hjalpartæki“ að vera skilgreint fyrst og fremst í ljósi hugmynda notandans sjálfs og áhuga. Við verðum að uppfæra hugtakið „hjalpartæki“ hið fyrsta. Skilgreina það í ljósi SRFF.

„Það er tímabært að hugsa umgjörðina og stuðninginn algerlega upp á nýtt og alveg frá grunni. Leiðarljósið í þeirri vinnu verður að vera SRFF.“

Nú eru fatlanir eða skerðingar með ýmsum hætti og ætla mætti að umgjörð um hjálpartæki hefði jafnræði og þarfir að leiðarljósi. Í þessu samhengi þarf engan sérfræðing á þessu sviði til að komast að þeirri niðurstöðu að íslenska umgjörðin, opinberi stuðningurinn fær ekki góða einkunn. Sumir hópar fatlaðs fólks búa við gott kerfi þar sem kostnaðarþátttaka er ekki vandamál, aðrir hafa lítinn sem engan stuðning, eru jafnvel utan kerfis. Umgjörðin virkar betur t.d. hjá langveikum þegar í „öefni“ er komið, þ.e. þegar viðkomandi er kominn inn á stofnun eða sjúkrahús. Í aðdraganda og forvarnarskyni er það erfiðara. Enn búum við við það kerfi að ákveðnar sjúkdómsgreiningar hafa forgang varðandi hjálpartæki þrátt fyrir að sjúkdómsástand, færni og þörf fólks með aðrar greiningar sé sú sama.

Í allri umræðu um nýtt starfsgetumat og aukna atvinnuþátttöku fatlaðs fólks skiptir umgjörð og opinberi stuðningur er varðar hjálpartæki gríðarlegu máli. Almennar leikreglur, viðmið og skyldur í þessa veru skortir. Jafnvel þó að leikreglurnar séu til vísar hver á annan og þær eru notaðar eins og þær séu huglægar og háðar duttlungum þeirra sem með fara. Samkvæmt lögum ber að gera hitt og þetta, en svarið er að fjármagn sé ekki fyrir hendi. Oft eru svörin röng vegna þess að kerfið talar ekki saman og um

misskilning er að ræða. Við þurfum einfaldara kerfi, hugarfarsbreytingu og upplýsta heildarsýn á málaflokkinn.

Það má ekki líta á þessa hugleiðingu sem áfellisdom yfir öllu sem undir málaflokkinn heyrir og verið er að gera. Það má sjá hugmyndir um að bæta verklag og þjónustu. Umgjörðin er bara of þröng og unnið er út frá hugtökum sem ekki eru boðleg í dag. Auðvelt er að efast um að framkvæmdavaldið hafi yfirsýn í málaflokknum og fyrir hendi sé samræmd stefna eða framkvæmdaáætlun um úrbætur.

Það er tímabært að hugsa umgjörðina og stuðninginn algerlega upp á nýtt og alveg frá grunni. Leiðarljós í þeirri vinnu verður að vera SRFF og sú hugmyndafræði sem býr að baki samningnum. Það þarf að marka skýrari stefnu í málaflokknum og aðlaga umgjörð og ráðstafanir að henni. Nauðsynlegt er að notendur verði þátttakendur í þeirri vinnu. „Ekkert um okkur, án okkar“ á vel við í þessu sambandi.

Málefnaþópur ÖBÍ um heilbrigðisþjónustu hefur undanfarin misseri byggt upp þekkingu hópsins á málaflokknum, m.a. haldið samráðs- og greiningarfund um hjálpartæki með fulltrúum frá aðildarfélögum ÖBÍ, þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar og NPA miðstöðinni. Alls tóku 25 manns þátt í fundinum. Taka verður fram að öllum aðildarfélögum ÖBÍ var boðið að senda fulltrúa á fundinn.

Hvernig túlkum við orðið NAUÐSYN og einkum hver ákvarðar þá túlkun?

Málefnaþópurinn hefur rætt og dregið saman niðurstöður fundarins. Fyrir liggur samantekt sem frekari vinna hópsins mun byggja á. Hugmyndir um áframhald vinnunnar munu liggja fyrir á næstu vikum. Hér er verk að vinna. Það er brýn þörf á að endurskoða þær „árangursríku og viðeigandi ráðstafanir“ sem hið opinbera býr fötluðu fólki í dag hvað varðar hjálpartæki og fulla þátttöku í samfélaginu.

Þess má geta að þegar þetta er skrifað er hópurinn að undirbúa málþing um hjálpartæki þann 27. september 2017.



HÖFUNDUR MÁLEFNAHÓPUR ÖBÍ
UM KJARAMÁL

Teikning Þuríður Harpa Sigurðardóttir

Hornreka á húsnæðismarkaði

Staða ungs fólks á húsnæðismarkaði hefur verið mikið til umræðu síðustu misseri. Fjölmargir þættir sem hafa áhrif á húsnæðisstöðu ungs fólks eiga ekki síður við um stóran hóp örorkulífeyrisþega, s.s. glíman við mjög hátt og síhækkandi húsnæðis- og leiguverð, lágar tekjur og þróun tekna, slæm eigin fjárstaða, verulega íþyngjandi byrði húsnæðiskostnaðar („leigugildra“), aðgengi að lánum og erfiðleikar með að komast í gegnum greiðslumat. Lítið hefur farið fyrir umfjöllun um stöðu örorkulífeyrisþega á húsnæðismarkaði og vill það gleymast að lágtekjufólk, sem ekki tilheyrir hópi ungs fólks, er einnig í mjög erfiðri húsnæðisstöðu. Vandkvæði lágtekjufólks liggja ósjaldan í því að ráðstöfunartekjur duga ekki til framfærslu hvort heldur fólk greiðir húsaleigu eða afborganir af lánum til eigin húsnæðis.

Mikilvægt er að halda því til að haga að örorkulífeyrisþegar eru langt frá því að vera einsleitur hópur. Í hópi örorkulífeyrisþega eru afar og ömmur, hjón, sambúðarfólk og einhleypir foreldrar með börn undir 18 ára aldri, eldri börn og barnlausir. Hluti örorkulífeyrisþega þarf aðstoð til að geta verið í sjálfstæðri búsetu og/eða aðgengilegu húsnæði. Eitt á þó meginþorri örorkulífeyrisþega sameiginlegt, en það eru kröpp kjör enda er örorkulífeyrir mjög naumt skammtaður og tekjuskerðingar miklar og grimmar. Hátt hlutfall ráðstöfunartekna fer því í að greiða fyrir húsnæði og á það einnig við um þá sem eru í eigin húsnæði. Dæmi eru um að örorkulífeyrisþegar eigi um 40 þús. kr. eftir af ráðstöfunartekjum sínum á mánuði þegar búið er að greiða leigu. Þá á eftir að greiða allt annað.

Óhætt er að segja að neyðarástand ríki á íslenska húsnæðismarkaðnum. Leiguverð og húsnæðisverð hefur hækkað gríðarlega og er mikill skortur á húsnæði sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Ítrekað hefur verið kallað eftir aðgerðum í húsnæðismálum, m.a. bráðaaðgerðum, enda glímur sífellt stærri

hópur lágtekjufólks við það að hafa hvorki efni á því að kaupa eigið húsnæði né leigja á almennum markaði. Á sama tíma hefur fjölgað mjög á biðlistum eftir félagslegu leiguhúsnæði og biðtími lengst. Á það sérstaklega við í fjölmennari sveitarfélögum.

Eigin eða leiguhúsnæði – þróunin síðustu ár

Á árunum 2014 til 2015 bjuggu um 37% örorkulífeyrisþega og langveikra í leiguhúsnæði. Hlutfallið var mun lægra hjá fólki í fullu starfi á vinnumarkaði eða 18%. Þróunin frá 2008 hefur verið sú að hlutfallslega hefur fjölgað í hópi þeirra sem eru á leigumarkaði og að sama skapi hefur þeim fækkað sem búa í eigin húsnæði. Breyting þessi er mun meira afgerandi hjá örorkulífeyrisþegum og langveikum (hækkaði úr 23% í 37%) en hjá fólki í fullu starfi (fór úr 12% í 18%). Hafa ber í huga að hóparnir geta skarast, þ.e. lítill hluti öryrkja og langveikra er í fullu starfi á vinnumarkaði.

Á Íslandi hefur ávallt verið mikil áhersla á

séreignastefnu. Á sama tíma vantar fleiri valkosti, s.s. leigufélög sem skuldbinda sig til langtímaútleigu og eru ekki rekin í hagnaðarskyni, líkt og víða í nágrannalöndum okkar. Þar getur fólk valið að búa við húsnæðisöryggi á leigumarkaði án þess þó að vera í félagslegu leiguhúsnæði. Hér verður ekki tekin afstaða til þess hvor leiðin sé vænlegri, það er séreignastefna eða áhersla á leigumarkað. Mestu máli skiptir að fólk hafi raunverulega valkosti og ráðstöfunartekjur til að geta valið sér búsetu.

Fá ekki greiðslumat en greiða mun hærri leigu en afborganir af lánum

Lágtekjufólki er gert nær ómögulegt að kaupa eigin húsnæði, jafnvel þó það eigi fyrir útborguninni, þar sem ráðstöfunartekjurnar eru of lágar til að standast greiðslumat. Ófá dæmi eru um örorkulífeyrisþega í þeirri stöðu að vera fastir á leigumarkaði og greiða mun hærri upphæðir í leigu mánaðarlega en þeir hefðu annars greitt í afborganir af lánum, ef þeir hefðu fengið greiðslumat. Hér að neðan er eitt slíkt raunverulegt dæmi um einstakling sem eftir skilnað átti fyrir útborgun í nýja íbúð en fékk synjun um greiðslumat vegna lágra tekna.

Örorkulífeyrisþegi með óskertan lífeyri almannatrygginga, býr einn, fékk synjun um greiðslumat fyrir 23.500.000 kr. íbúð þrátt fyrir að eiga 15.000.000 kr. eigið fé. Engar skuldir.

Mánaðarleg greiðslubyrði vegna húsnæðis 55 þús. kr. á mánuði.

Þarf að greiða mun hærri upphæð í húsaleigu mánaðarlega.

Fær ekki félagslegt húsnæði, er yfir eignamörkum.

Fær ekki húsnæðisstuðning, eignir yfir eignamörkum.

Fastur á almennum leigumarkaði.

Fengi t.d. lækun fasteignagjalda vegna lágra tekna ef hann gæti keypt eigin húsnæði.

Samkvæmt greiðslumati, sem byggir meðal annars á neysluviðmiðum velferðarráðuneytisins, eru tekjurnar ekki nógu háar til að standa undir greiðslubyrðinni af lánum. Örorkulífeyrisþegum er ætlað að framfleyta sér á tekjum sem eru langt undir neysluviðmiðum velferðarráðuneytisins, sömu viðmiðum og eru notuð til að finna út framfærslukostnað við greiðslumat¹.

Heildarútgjöld skv. dæmigerðu neysluviðmiði fyrir einstakling án húsnæðiskostnaðar eru mjög svipuð upphæð og ráðstöfunartekjur örorkulífeyrisþega með óskertan örorkulífeyri frá TR ásamt heimilissuppbót. Það er því ekki gert ráð fyrir því að lífeyrisþegar hafi hærri húsnæðiskostnað en um 6.500 kr. á mánuði.

Verulega íþyngjandi byrði húsnæðiskostnaðar

Ef húsnæðiskostnaður² nemur meira en 40% af ráðstöfunartekjum heimilis er hann skilgreindur verulega íþyngjandi samkvæmt skilgreiningum Hagstofu Íslands.

Íþyngjandi húsnæðiskostnaður er mun tíðari hjá fólki með lægstu tekjurnar en hjá tekjuhærri hópum. Að sama skapi hefur íþyngjandi byrði húsnæðiskostnaðar aukist mikið hjá leigjendum en lækkað hjá fólki í eigin húsnæði auk þess sem leigjendur búa almennt við afgerandi minna húsnæðisöryggi en fólk í eigin húsnæði.

Örorkulífeyrisþegar á leigumarkaði þurfa sífellt að greiða herra hlutfall tekna sinna í húsaleigu. Tekjur þeirra hafa lítið hækkað síðustu ár og mun minna en laun. Leiguverð íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu hækkaði til að mynda um tæplega 74% frá því í janúar 2011 til maí 2017. Íþyngjandi húsnæðiskostnaður er því tíður hjá örorkulífeyrisþegum og er staðan yfirleitt verst hjá þeim sem leigja á almennum markaði. Í mörgum fjölmennari sveitarfélögum hefur fólk á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði fjölgað mjög og biðtíminn lengst.

¹ Neysluviðmið velferðarráðuneytisins eru án húsnæðiskostnaðar og útgjalda vegna samgangna. Við gerð greiðslumats er því gerð áætlun um rekstarkostnað bifreiðar og húsnæðiskostnaðar og hún lögð til viðbótar við neysluviðmiðin.

² Til húsnæðiskostnaðar teljast: Húsaleiga, vaxtakostnaður og verðbætur vegna lána, viðhald, viðgerðir, bruna- og fasteignatrygging, rafmagn, hiti, og fasteignagjöld. Húsnæðisstuðningur er dreginn frá húsnæðiskostnaði hjá þeim sem fá slíkan stuðning.

Fjölgun umsækjenda um leiguhúsnæði hjá Brynju Hússjóði ÖBÍ á milli ára

Þróun biðlista eftir húsnæði	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Umsóknir	236	199	240	273	288	266	397	505
Umsóknir um milliflutning					223	196	302	387

Í fjölda sveitarfélaga er skortur á félagslegu leiguhúsnæði, en sú staða kemur mjög illa við örorkulífeyrisþega, sem vegna tekjuleysis eiga oft fáa aðra kosti í húsnæðismálum. Reglulega berast því fréttir af lágtekjufólki sem er húsnæðislaust, þar sem það fær einfaldlega ekki húsnæði sem það getur ráðið við að greiða og hefur verið á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði í nokkur ár.

Vaxtabætur – húsnæðisstuðningur til fólks í eigin húsnæði

Vaxtabætur ættu að vera mikilvægur stuðningur við tekjulága íbúðaeigendur. Þiggjendum vaxtabóta hefur fækkað gríðarlega, nú fá helmingi færri fjölskyldur vaxtabætur en árið 2010. Meginástæður eru hækkun húsnæðisverðs og óbreytt skerðingarmörk, sem ekki hafa fylgt verðlagi. Tekjulágir fara einnig á mis við vaxtabætur, en þegar þær falla niður er enginn annar fjárhagslegur stuðningur í boði. Þessi þróun kemur mjög illa við lágtekjufólk, sem á erfitt með eða getur ekki staðið í skilum með húsnæðislán og/eða viðhald og ýmsan viðbótarkostnað af eigin húsnæði. Fyrir þá sem missa eigið húsnæði tekur yfirleitt ekkert annað við en almenni leigumarkaðurinn, sem er enn dýrari kostur fyrir utan óryggið (tíðir flutningar og hækkanir) auk þess sem framboð á þeim markaði er víða nánast ekkert.

Á sama tíma hefur hækkun fasteignaverðs orðið til þess að fasteignagjöld húsnæðiseigenda til sveitarfélaga hafa víða hækkað gríðarlega.

Húsnæðisbætur til leigjenda

Húsaleigubætur náðu engan veginn að halda verðgildi sínu árum saman og voru óbreyttar frá júlí 2013 þar til þær voru aflagðar í lok árs 2016. Leigjendur sátu eftir árum saman og því voru bundnar miklar vonir við nýtt húsnæðisstuðningskerfi. Ýmsar jákvæðar breytingar voru innleiddar s.s. að taka tillit til fjölda heimilismanna. Á sama tíma voru mikil vonbrigði með að frítekjumörkin eru lág. Húsnæðisstuðningur byrjar til að mynda að skerðast ef heildartekjur einstaklings fara yfir rúmar 281 þús. kr. á mánuði (fyrir skatt). Ein breyting kom sérstaklega illa við lífeyrisþega en frá áramótum hafa allar skattskyldar greiðslur áhrif, þar á meðal uppbætur sem lífeyrisþegar geta fengið greiddar vegna hreyfihömlunar og/eða til að mæta kostnaði s.s. vegna lyfja.

Sérstakur húsnæðisstuðningur sveitarfélaga

Frá síðustu áramótum er öllum sveitarfélögum skylt að veita sérstakan húsnæðisstuðning. Markmiðið með honum er að lækka greiðslubyrði vegna húsnæðis hjá þeim sem eru með íþyngjandi húsnæðiskostnað sökum lágra tekna, þungrar framfærslubyrðar og félagslegra aðstæðna. Slíkur stuðningur er mjög mikilvægur fyrir lágtekjufólk, sem þarf að treysta á hann til þess að eiga möguleika á að hafa þak yfir höfuðið. Breytingin hefur haft þveröfug áhrif og hækkað greiðslubyrði hjá hópi lífeyrisþega. Ófá dæmi eru um að lífeyrisþegar greiði 60% eða jafnvel hærra hlutfall ráðstöfunartekna sinna í húsnæðiskostnað.

³ Skv. tölum frá Þjóðskrá Íslands. http://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/05/30/leiguverd_haekkad_um_73_8_prosent_fra_2011/

⁴ Á landsbyggðinni er einnig hægt að sækja um leiguhúsnæði Brynju hjá félagsþjónustu sveitarfélaga og heldur þá félagsþjónustan utan um þær umsóknir.

Frítekjumörk fyrir sérstakan húsnæðisstuðning eru misjöfn á milli sveitarfélaga, en flest eiga það þó sammerkt að hafa sett sér mun lægri frítekjumörk en þau sem gilda fyrir húsnæðisbætur annars vegar og í leiðbeinandi reglum velferðarráðuneytisins hins vegar. Í júní sl. hækkaði Reykjavíkurborg frítekjumörkin afturvirk og upp í sömu upphæðir og gilda fyrir húsnæðisbætur, en þegar greinin var skrifuð lágu ekki fyrir upplýsingar um að önnur sveitarfélög hafi gert sambærilegar breytingar á sínum reglum. Til viðbótar eru tekjuskerðingar mjög brattar eða um 50%, þ.e. 10.000 kr. tekjur (fyrir skatt) umfram frítekjumark lækka sérstakan húsnæðisstuðning um rúmar 5.000 kr. Í nokkrum sveitarfélögum fellur sérstakur húsnæðisstuðningur niður ef heildartekjur einstaklings fara yfir rúmar 322 þús. kr. á mánuði (fyrir skatt). Ef örorkulífeyrisþegar eru með aðrar tekjur, s.s. atvinnu- eða lífeyrissjóðstekjur, er sérstaki húsnæðisstuðningurinn fljótur að lækka og hverfa. Þar með hverfur hvati til atvinnuþátttöku.

„Leiðréttingin“

Ljóst er að fjármagn úr ríkissjóði í aðgerð sem gengið hefur undir heitinu „Leiðréttingin“, gekk að mestu til tekjuhærri og eignameiri hluta þjóðarinnar. Eftir sitja þeir sem eru eignalitlir eða eignalausir og búa í leiguhúsnæði. Aðstæður þeirra hafa versnað til muna á undanförunum árum vegna hækkandi eignaverðs og leiguverðs. Örorkulífeyrisþegar hafa því lítið fengið úr þessari millifærsluaðgerð, sem kostaði ríkissjóð 72,2 milljarða kr. Fjármagni þessu hefði verið mun betur varið með því að setja það inn í velferðarkerfið og/eða hækka verulega persónuafslátt.

Aðgerðin náði enn fremur ekki til lögaðila, s.s. húsnæðissamvinnufélaga, sem einnig þurftu að taka verðtryggð lán, sem tóku miklum breytingum líkt og lán til einstaklinga. Hærri greiðslubyrði þessara félaga skilaði sér því í hærra leiguverði. Dæmi um húsnæðissamvinnufélag

er Brynja hússjóður Öryrkjabandalagsins, sem er sjálfseignarstofnun með það hlutverk að eiga og reka leiguíbúðir fyrir öryrkja. Hússjóðurinn á 797 íbúðir sem eru í útleigu.

Séreignarsparnaður til húsnæðisкупа

Alþingi samþykkti lög sem heimila skattfrjálsa ráðstöfun séreignarsparnaðar til greiðslu húsnæðislána og húsnæðissparnaðar. Lífeyris-þegar sem ekki hafa neinar launatekjur hafa því ekki þann valkost að geta lagt fyrir, þar sem iðgjald er ekki greitt af lífeyri.

Í umsögnum ÖBÍ til Alþingis var lagt til að lífeyrisþegum verði gert mögulegt eins og öðrum þjóðfélagsþegnum að velja að greiða iðgjald af lífeyrisgreiðslum í séreignarlífeyrissjóð til uppsöfnunar til íbúðakaupa og að ríkissjóður greiði mótframlag. Ljóst er að greiðslur almannatrygginga til lífeyrisþega eru mjög lágar og því ekki líklegt að margir geti nýtt sér slíkt úrræði, en með því móti hefðu lífeyrisþegar einnig val eins og aðrir. Enn fremur var lagt til að lífeyrisþegar fái skattaafslátt af sparnaði til húsnæðisкупа, óháð því hvenær sparnaður varð til eða í hvaða formi hann er. Dæmi um sparnað gæti verið: arfur, slysbætur vegna örorku, söluhagnaður vegna eignar, almennur sparnaður og séreignarlífeyrissparnaður. Þetta er réttlætismál þar sem fólk er almennt ekki í þeirri stöðu að greiða séreignarlífeyrissparnað, eftir að hafa dottið út af vinnumarkaði.

Hvergi var komið til móts við tillögur ÖBÍ og því geta örorkulífeyrisþegar að mjög takmörkuðu leyti nýtt sér þessi úrræði til kaupa á eigin húsnæði.

Ljóst er að úrræði síðustu ríkisstjórna hafa lítið sem ekkert nýst örorkulífeyrisþegum.

⁵ Tekjur eru skilgreindar á sama hátt fyrir húsnæðisbætur og sérstakan húsnæðisstuðning

**ÞAÐ ER ALDREI AÐ VITA
Í HVAÐA ÍÞRÓTT BARNIÐ
ÞITT BLÓMSTRAR.**

**ÞESS VEGNA STYÐJUM
VIÐ ÞÆR ALLAR.**



LEIKURINN OKKAR



ÍSLENSK
GETSPÁ
Engjavegi 4, 104 Reykjavík
Sími 580 2500 | www.lotto.is

Íslensk getspá er í eigu Íþróttar- og Ólympusambands Íslands,
Órlykjabandalagsins og Ungmennafélags Íslands.

